

Skagafjörður
Ársreikningur
2009

Skagafjörður
Skagfirðingabraut 17
550 Sauðárkrókur

Kt. 550698-2349

Efnisyfirlit

Áritun sveitarstjóra og sveitarstjórnar	3
Áritun óháðs endurskoðanda og skoðunarmanna	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Sjóðstreymisyfirlit	8
Skýringar	9

Áritun sveitarstjórnar og sveitarstjóra

Ársreikningur sveitarfélagsins Skagafjarðar er gerður í samræmi sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga og auglýsingar félagsmálaráðuneytisins um reikningskil sveitarfélaga.

Rekstrarartekjur sveitarfélagsins á árinu námu 3.086,6 millj. kr. samkvæmt samanteknum ársreikningi fyrir A og B hluta, en þar af námu rekstrarartekjur A-hluta 2.689,4 millj. kr. Álagningarhlutfall útsvars var 13,28% en lögbundið hámark þess er það sama. Álagningarhlutfall fasteignaskatts í A-flokki var 0,45% en lögbundið hámark þess er 0,625%. Í B-flokki var álagningarhlutfallið 1,32% sem er lögbundið hlutfall og í C-flokki var álagningarhlutfallið 1,65% sem er lögbundið hámark. Rekstrarniðurstaða sveitarfélagsins, samkvæmt samanteknum ársreikningi A og B hluta, var neikvæð um 252,1 millj. kr., en rekstrarniðurstaða A hluta var neikvæð um 166,3 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé sveitarfélagsins í árslok 2009 nam 1.298,7 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi, en þar af nam eigið fé A hluta 1.465,9 millj. kr.

Ársreikningur sveitarfélagsins Skagafjarðar fyrir árið 2009 er gefinn út hinn 20. apríl 2010 og er á þeim degi tilbúinn til afgreiðslu í sveitarstjórn í samræmi við ákvæði 72. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

Skagafirði, 20. apríl 2010


Sveitarstjóri:



Ársreikningur sveitarfélagsins Skagafjarðar fyrir árið 2009 hefur hlotið afgreiðslu sveitarstjórnar í samræmi við ákvæði 72. gr. sveitarstjórnarlaga og er staðfestur og áritaður við síðari umræðu í sveitarstjórn

Skagafirði, 18. maí 2010

Sveitarstjórn:



Guðsteinn Guðmundsson
Sigrún Árnason
Þórunn Friðbjörnsdóttir
Ólafur Ólafsson
Jón Baldvinsson
Gísli Sigrósson
Gáil Danbjörg Þórunn
Sigrún Þórunn
Bjarni Jónsson

Áritun óháðs endurskoðanda og skoðunarmanna

Til sveitarstjórnar Skagafjarðar

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Skagafjarðar fyrir árið 2009. Ársreikningurinn hefur að geyma áritun sveitarstjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Ábyrgðin felur í sér að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings sem er í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðunin felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits sveitarfélagsins. Endurskoðunin felur einnig í sér mat á reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sveitarfélagsins á árinu 2009, fjárhagsstöðu þess 31. desember 2009 og breytingu á handbæru fé á árinu 2009, í samræmi við lög um ársreikninga.


Skagafirði, 20. apríl 2010.

KPMG hf.



Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn sveitarfélagsins Skagafjarðar, höfum yfirfarið ársreikning sveitarfélagsins fyrir árið 2009. Leggjum við til að ársreikningurinn verði samþykktur.

Skagafirði, 20. apríl 2010.



Rekstrarreikningur ársins 2009

	Skýr.	A hluti		A og B hluti	
		Ársreikningur	Áætlun	Ársreikningur	Áætlun
Rekstrartekjur:					
Skatttekjur	5	1.484.675.785	1.421.719.000	1.473.973.966	1.416.745.000
Framlag jöfnunarsjóðs	5	572.494.605	575.000.000	572.494.605	575.000.000
Aðrar tekjur	5	632.227.134	567.770.000	1.040.107.724	951.717.800
		<u>2.689.397.524</u>	<u>2.564.489.000</u>	<u>3.086.576.295</u>	<u>2.943.462.800</u>
Rekstrargjöld:					
Laun og launatengd gjöld	6	1.650.774.863	1.559.201.000	1.738.449.205	1.636.778.000
Breyting á lífeyrisskuldbindingu		29.539.382	50.000.000	31.692.534	55.280.000
Annar rekstrarkostnaður	7	925.872.403	870.762.000	1.017.102.005	938.224.800
		<u>2.606.186.648</u>	<u>2.479.963.000</u>	<u>2.787.243.744</u>	<u>2.630.282.800</u>
Afskriftir	10	84.906.424	87.707.000	168.077.245	176.009.000
		<u>2.691.093.072</u>	<u>2.567.670.000</u>	<u>2.955.320.989</u>	<u>2.806.291.800</u>
Rekstrarniðurstaða án fjármunatekna og fjármagnsgjalda		(1.695.548)	(3.181.000)	131.255.306	137.171.000
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld)	8	(143.129.399)	(147.563.000)	(320.348.919)	(309.316.000)
Niðurfærsla eignarhluta í öðrum félögum		(21.500.000)	0	(63.484.810)	0
Framlög frá, (til) eigin sjóða		0	0	0	0
Tekjuskattur	4,14	0	0	486.498	0
Rekstrarniðurstaða (neikvæð)		<u>(166.324.947)</u>	<u>(150.744.000)</u>	<u>(252.091.925)</u>	<u>(172.145.000)</u>

Efnahagsreikningur

		Eignir			
		A hluti		A og B hluti	
Skýr.		2009	2008	2009	2008
Fastafjármunir:					
Varanlegir rekstrarfjármunir:					
Fasteignir, lóðir og lendur	10	2.918.836.230	1.757.581.574	3.376.614.612	2.232.824.715
Veitukerfi, hafnarmann- virki og götur	10	148.929.987	151.423.145	1.249.515.015	1.230.322.703
Bifreiðar, áhöld og tæki	10	24.560.100	30.121.396	37.364.265	45.721.739
Leigðar eignir	10	38.423.077	0	38.423.077	0
		<u>3.130.749.394</u>	<u>1.939.126.115</u>	<u>4.701.916.969</u>	<u>3.508.869.157</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur:					
Eignarhlutir í félögum	11	250.508.722	264.008.722	279.087.793	311.781.223
Langtímakröfur	12	948.144	17.825.371	948.144	17.825.371
Langtímakröfur á eigin fyrirtæki	13	4.733.953	5.262.212	0	0
Skatteign	14	0	0	36.525.468	30.032.475
		<u>256.190.819</u>	<u>287.096.305</u>	<u>316.561.405</u>	<u>359.639.069</u>
Fastafjármunir		<u>3.386.940.213</u>	<u>2.226.222.420</u>	<u>5.018.478.374</u>	<u>3.868.508.226</u>
Veltufjármunir:					
Birgðir.....				18.219.856	17.602.214
Skammttímakröfur:					
Óinnheimtar tekjur.....	15	133.292.949	138.309.001	171.454.301	261.708.219
Skammttímakröfur á eigin fyrirtæki		123.684.144	113.061.490	0	0
Aðrar skammttímakröfur.....	15	162.627.816	195.540.003	203.763.770	238.931.560
Næsta árs afborganir langtímakrafna	12,13	17.973.018	17.107.710	16.976.030	16.215.033
Handbært fé.....	4	65.166.002	333.579.069	66.643.626	335.781.851
Veltufjármunir		<u>502.743.929</u>	<u>797.597.273</u>	<u>477.057.583</u>	<u>870.238.877</u>
Eignir samtals		<u>3.889.684.142</u>	<u>3.023.819.693</u>	<u>5.495.535.957</u>	<u>4.738.747.103</u>
Eignir utan efnahagsreiknings	4				

31. desember 2009

Eigið fé og skuldir

Skýr.	A hluti		A og B hluti		
	2009	2008	2009	2008	
Eigið fé:					
Eiginfjárreikningur.....	16	1.465.945.186	791.820.675	1.298.651.623	704.287.597
Skuldbindingar:					
Lífeyrisskuldbinding.....	17	661.801.538	650.223.819	705.517.614	694.022.755
Langtímaskuldir:					
Skuldir við lánastofnanir.....	18	1.165.186.013	1.053.425.879	2.623.911.419	2.594.395.130
Leiguskuldir.....	19	117.346.698	0	117.346.698	0
		<u>1.282.532.711</u>	<u>1.053.425.879</u>	<u>2.741.258.117</u>	<u>2.594.395.130</u>
Skammtímaskuldir:					
Skuldir við lánastofnanir.....		0	0	32.923.972	76.876.277
Skuldir við eigin fyrirtæki.....		0	0	0	0
Næsta árs afborganir					
langtímaskulda.....	18	138.344.095	119.524.170	336.779.490	209.416.156
Næsta árs afborganir					
leiguskulda.....	19	3.126.923		3.126.923	
Aðrar skammtímaskuldir.....		<u>337.933.689</u>	<u>408.825.150</u>	<u>377.278.217</u>	<u>459.749.188</u>
		<u>479.404.707</u>	<u>528.349.320</u>	<u>750.108.602</u>	<u>746.041.621</u>
Skuldir og skuldbindingar samtals		<u>2.423.738.956</u>	<u>2.231.999.018</u>	<u>4.196.884.333</u>	<u>4.034.459.506</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>3.889.684.142</u>	<u>3.023.819.693</u>	<u>5.495.535.956</u>	<u>4.738.747.103</u>
Skuldbindingar vegna rekstrarleigusamninga					
	22	3.177.039	16.191.668	3.986.311	20.177.282
Skuldbindingar utan efnahagsreiknings					
	22				

Sjóðstreymisyfirlit árið 2009

		A hluti		A og B hluti	
	Skýr.	Ársreikningur	Áætlun	Ársreikningur	Áætlun
Rekstrarhreyfingar:					
Niðurstaða samkvæmt rekstrarreikningi (neikvæð).....	16	(166.324.947)	(150.744.000)	(252.091.925)	(172.145.000)
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:					
Afskriftir	10	84.906.424	87.707.000	168.077.245	176.009.000
Verðbætur og gengismunur		104.363.692	194.821.000	223.638.232	293.880.000
Tap af sölu rekstrarfjármuna		259.580		259.580	
Niðurfærsla eignarhluta í öðrum félögum		21.500.000	0	63.484.810	0
Breyting á lífeyrisskuldbindingu ..	17	29.539.382	0	31.692.534	0
Breyting á skatteign hitaveitu	14	0	0	(486.498)	0
Veltufé frá (til) rekstrar		<u>74.244.131</u>	<u>131.784.000</u>	<u>234.573.978</u>	<u>297.744.000</u>
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:					
Birgðir, (hækkun), lækkun				(617.642)	
Óinnheimtar skatttekjur, hækkun		5.016.052	0	90.253.918	0
Aðrar skammtímakröfur, hækkun		32.912.187	0	35.167.790	117.500.000
Skammtímaskuldir, lækkun		(70.891.461)	0	(82.470.971)	(4.700.000)
Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum		<u>(32.963.222)</u>	<u>0</u>	<u>42.333.095</u>	<u>112.800.000</u>
Handbært fé frá (til) rekstrar		<u>41.280.909</u>	<u>131.784.000</u>	<u>276.907.073</u>	<u>410.544.000</u>
Fjárfestingarhreyfingar:					
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum.....	10	(315.926.206)	(354.434.000)	(400.521.560)	(448.777.000)
Söluverð seldra rekstrarfjármuna.....		60.000	0	60.000	20.000.000
Eignahlutir í félögum, breyting.....		(8.000.000)	0	(22.791.380)	(33.000.000)
Langtímakröfur, breyting.....		16.238.123	1.612.000	16.238.123	1.612.000
Langtímakröfur á eigin fyrirtæki, breyting.....		923.783	1.023.000	0	0
Fjárfestingarhreyfingar		<u>(306.704.300)</u>	<u>(351.799.000)</u>	<u>(407.014.817)</u>	<u>(460.165.000)</u>
Fjármögnunarhreyfingar:					
Viðskiptastaða eigin fyrirtækja, breyting.....		(10.622.654)	6.803.000	0	0
Tekin ný langtímalán.....		150.000.000	300.000.000	150.000.000	300.000.000
Afborganir langtímalána.....		(124.405.361)	(127.672.000)	(216.880.501)	(210.000.000)
Afborgun lífeyrisskuldbindingar.....		(17.961.663)	(13.000.000)	(20.197.675)	(13.000.000)
Skammtímalán, breyting.....		0	0	(43.952.305)	(73.500.000)
Fjármögnunarhreyfingar		<u>(2.989.678)</u>	<u>166.131.000</u>	<u>(131.030.481)</u>	<u>3.500.000</u>
Hækkun á handbæru fé		(268.413.069)	(53.884.000)	(261.138.225)	(46.121.000)
Handbært fé í ársbyrjun		333.579.069	333.579.069	335.781.851	335.781.851
Handbært fé í árslok		65.166.000	279.695.069	74.643.626	289.660.851

Skýringar

1. Upplýsingar um sveitarfélagið

Skagafjörður er sveitarfélag á norðurlandi vestra og var fjöldi íbúa þess 4.137 þann 1. desember 2009. Skrifstofa sveitarfélagsins er á Skagfirðingabraut 17, Sauðárkróki

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Skagafjarðar árið 2009 hefur að geyma ársreikning fyrir þær rekstrareiningar sem falla undir A hluta starfsemi sveitarfélagsins og samantekinn ársreikning fyrir alla starfsemi þess, þ.e. A og B hluta, sbr. 60. gr. sveitarstjórnarlaga, nr 45/1998.

Til A hluta, þ.e. sveitarsjóðs, telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum. Hér er um að ræða aðalsjóð, en auk hans Eignasjóð og Þjónustumiðstöð. Til B hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu sveitarfélagsins, en rekstur þessara fyrirtækja er fjármagnaður með þjónustutekjum. Fyrirtæki sem falla undir B hluta starfsemi sveitarfélagsins eru Hafnarsjóður, Skagafjarðarveitur ehf., Fráveita, Félagslegar íbúðir og Tímatákn ehf.

Ársreikningurinn er gerður samkvæmt kostnaðarverðsreglu og í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga nr. 3/2006, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga nr. 944/2000 og auglýsingar félagsmálaráðuneytisins um reikningsskil sveitarfélaga. Ársreikningurinn byggir í meginatriðum á sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður að undanskyldu því sem fram kemur í skýringu 3.

Stöður í efnahagsreikningi milli rekstrareininga í A hluta og viðskipti milli þeirra eru felld út í ársreikningi A hluta. Í samanteknum ársreikningi fyrir A og B hluta eru felldar út stöður í efnahagsreikningi og viðskipti milli allra rekstrareininga sveitarfélagsins. Af viðskiptum milli rekstrareininga sveitarfélagsins má nefna fasteignagjöld, húsaleigu Eignasjóðs og önnur innbyrðis viðskipti vegna kaupa á vöru og þjónustu.

3 Breytingar á reikningsskilaaðferðum

Á árinu breytti sveitarfélagið reikningsskilaaðferðum sínum á eftirfarandi hátt.

a. Færsla leigusamninga fasteigna og annarra mannvirkja

Sveitarfélagið innleiddi á árinu álit Reikningsskila- og upplýsinganefndar sveitarfélaga 1/2010 *Færsla leigusamninga fasteigna og annarra mannvirkja í bókhaldi og reikningsskilum sveitarfélaga*. Innleiðing álitsins fól í sér breytingu á reikningsskilaaðferðum sveitarfélagsins þar sem sveitarfélagið færir nú til eignar meðal varanlegra rekstrarfjármuna fasteignir og önnur mannvirki sem það hefur leigt til sín samkvæmt leigusamningum til lengri tíma en til þriggja ára og skuldbindingu vegna leigusamninga meðal langtímaskulda. Upptaka reikningsskilaaðferðar miðaðist við 31. desember 2009 og felur í sér afturvirka beitingu reikningsskilaaðferðar á þann hátt að bókfært verð eigna og skulda færðra í efnahag vegna innleiðingar reikningsskilaaðferðar miðast við að reikningsskilaaðferð hafi verið beitt frá samningsdegi. Til samræmis við álitid eru áhrif innleiðingar reikningsskilaaðferðarinnar færð á eiginfjárreikning þann 31. desember 2009 og lækkaði eigið fé sveitarfélagsins um 82,1 millj. kr. vegna þessa. Innleiðing reikningsskilaaðferðarinnar hefur ekki áhrif á samanburðarfjárhæðir.

b. Færsla á lóðum og lendum

Sveitarfélagið innleiddi á árinu álit Reikningsskila- og upplýsinganefndar sveitarfélaga 2/2010 *Færsla á lóðum og lendum í bókhaldi og reikningsskilum sveitarfélaga*. Innleiðing álitsins fól í sér breytingu á reikningsskilaaðferðum sveitarfélagsins þar sem sveitarfélagið færir nú til eignar meðal varanlegra rekstrarfjármuna lóðir og lendum sem það hefur leigutekjur af. Lóðir og lendum sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru nú endurmetnar til gangvirðis, en þó eigi hærra verði en sem nemur núvirði framtíðarleigutekna samkvæmt fyrirliggjandi leigusamningum. Lóðir og lendum eru endurmetnar með reglubundnum hætti. Allar matsbreytingar vegna endurmats eru færðar á eiginfjárreikning. Innleiðing reikningsskilaaðferðarinnar miðaðist við þann 31. desember 2009 og eru lóðir og lendum sveitarfélagsins endurmetnar til gangvirðis miðað við þann dag. Vegna þessa hækkaði eigið fé sveitarfélagsins um 922,5 millj. kr. Innleiðing reikningsskilaaðferðarinnar felur ekki í sér afturvirka leiðréttingu á reikningsskilum sveitarfélagsins.

4. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum sem settar eru fram hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti á öllum þeim tímabilum sem birt eru í ársreikningnum.

a. Innlaun tekna

Skatttekjur eru færðar til tekna við álagningu þeirra en til lækkunar er færð reiknuð niðurfærsla vegna óinnheimtra skatttekna. Til skatttekna heyra útsvör, fasteignaskattur og framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, auk annarra tekna sem hafa ígildi skatta, svo sem lóðarleiga.

Tekjur af sölu þjónustu og vöru eru færðar þegar afhending hefur farið fram og kröfuréttur myndast.

Áfallnar vaxtatekjur eru færðar til tekna í samræmi við höfuðstól og skilmála vaxtaberandi krafna. Arðstekjur eru færðar til tekna þegar réttur til þeirra hefur myndast.

Hagnaður eða tap af sölu varanlegra rekstrarfjármuna er reiknað sem mismunur söluverðs og bókfærðs verðs og er hann færður í rekstrarreikning meðal rekstrartekna eða -gjalda, eftir því sem við á.

b. Færsla gjalda

Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

c. Verðlags- og gengisviðmið

Eignir og skuldir, sem bundnar eru verðlagsvísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar í ársreikninginn miðað við verðlag eða gengi í árslok. Verðlagsbreytingar og gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

d. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir aðrir en lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru færðir til eignar í efnahagsreikningi á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Fjarfesting í gatnagerð og veitukerfum er eignfærð að frádregnum álögðum gatnagerðargjöldum og tengigjöldum.

Leigðar eignir er fasteign sem sveitarfélagið leigir til sín samkvæmt leigusamningum sem eru að lágmarki til þriggja ár og ekki uppsegjanlegir af hálfu sveitarfélagsins innan árs á upphafsdegi leigusamnings.

Kostnaðarverð leigðrar eignar telst vera gangverð hinnar leigðu eignar á samningsdegi eða núvirði lágmarksleigugreiðslna leigusamnings sé það lægra.

Við upphaflega færslu leigðra eigna í árslok 2009 er kostnaðarverð og uppsafnaðar afskriftir reiknaðar frá samningsdegi leigusamnings.

Lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru færðar á gangverði eða núvirði framtíðarleigutekna samkvæmt fyrirliggjandi leigusamningum sé það lægra. Lóðir og lendur eru endurmetnar á hverjum reikningsskiladegi. Endurmat lóða og lendna er færð á eiginfjárreikning.

e. Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna þar til 10% niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími rekstrarfjármuna greinist þannig:

Byggingar.....	25 - 40 ár
Hafnarmannvirki.....	25 - 40 ár
Veitukerfi.....	25 ár
Gatnakerfi.....	25 ár
Áhöld og búnaður.....	5-10 ár

Lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru ekki afskrifaðar.

4. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.

f. Afskriftir leigðra eigna

Afskriftir leigðra eigna eru reiknaðar sem fastur hundradshluti miðað við leigutíma eða nýtingartíma sé hann styttri. Sé ljóst að sveitarfélagið eignist hina leigðu eign í lok leigutíma er miðað við nýtingartíma viðkomandi eignar. Afskriftartími leigðra eigna greinist þannig:

Fasteign..... 26 ár

g. Eignarhlutir í félögum

Eignarhlutir í félögum, byggðasamlögum og eigin fyrirtækjum eru færðir á kostnaðarverði. Framlag sveitarsjóðs til byggðasamlaga og ýmissa verkefna teljast hluti kostnaðar vegna viðeigandi málaflokks.

h. Tekjuskattsinneign

Tekjuskattur Skagafjarðarveitna ehf. af afkomu ársins samanstendur af tekjuskatti til greiðslu vegna ársins og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema þegar hann varðar liði sem eru færðir beint á eigið fé, en í þeim tilvikum er tekjuskatturinn færður á eigið fé.

Tekjuskattur til greiðslu er áætlaður tekjuskattur sem greiða skal vegna skattskyldra tekna ársins, miðað við gildandi skatthlutfall á uppgjörstegi og allar leiðréttingar á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára. Frestaður tekjuskattur er færður í samræmi við efnahagsskuldbindingaraðferðina vegna tímabundinna mismuna á bókfærðu verði eigna og skulda í ársreikningnum annars vegar og samkvæmt skattverði þeirra hins vegar. Fjárhæð frestaðs tekjuskatts er byggð á áætlaðri innlausn eða uppgjöri bókfærðs verðs eigna og skulda, með því að beita gildandi skatthlutfalli á uppgjörstegi.

Skatteign er einungis færð að því marki sem líklegt er að hægt sé að nýta framtíðarhagnað á móti eigninni. Skatteignin er lækkuð að því marki sem talið er að hún nýtist ekki.

i. Langtímakröfur

Langtímakröfur eru færðar til eignar í samræmi við lánskjör. Næsta árs og gjaldfallnar afborganir langtímakrafna eru færðar í efnahagsreikningi meðal veltufjármuna.

Reiknaðir eru 4,5% ársvextir á langtímakröfur á eigin fyrirtæki, en lánin eru bundin vísitölu neysluverðs.

j. Óinnheimtar skatttekjur og aðrar kröfur

Óinnheimtar skatttekjur, aðrar kröfur og verðbréf eru færð niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign sveitarfélagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðkomandi liðum í efnahagsreikningi.

k. Handbært fé

Sjóðir og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

l. Eignir utan efnahagsreiknings

Fjárfesting í lausafjármunum og gatnagerðarframkvæmdum, fyrir ársbyrjun 2002, sem áður hefur verið gjaldfærð, er ekki færð til eignar í efnahagsreikningi.

m. Lífeyrisskuldbinding

Lífeyrisskuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna sveitarfélagsins er færð sem langtímaskuld í efnahagsreikningi á grundvelli tryggingarfræðilegrar úttektar í nóvember 2009. Reiknuð breyting á skuldbindingunni á árinu er gjaldfærð í rekstrarreikningi sbr. skýringu 17.

Skýringar, frh.:

4. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.

n. Leiguskuld

Við upphaflega skráningu skuldbindingar vegna leigusamninga er leiguskuld færð á gangvirði hinnar leigðu eignar eða núvirði lágmarksleigugreiðsla leigusamnings sé það lægra. Lágmarksleigugreiðslur fjármögnunarleigusamninga er skipt í vaxtagjöld og afborganir á eftirstöðvum skulda. Vaxtagjöldunum er dreift á leigutímann miðað við virka vexti.

Lágmarksleigugreiðslur eru þær greiðslur á samningstíma sem leigutaka er skylt að greiða eða hann kann að verða krafinn um, að undanskilinni skilyrtri leigu, sem og viðhaldi, þjónustukostnaði, tryggingum og sköttum sem leigusali greiðir.

Við útreikning á núvirði lágmarksleigugreiðslu er miðað við ávöxtunarkröfu leigusala ef það er gerlegt að ákvarða hana, en ef ekki er miðað við lánskjör sveitarfélagsins af nýju fjármagni á þeim tíma sem samningur er gerður.

o. Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar í efnahagsreikning í árslok eins og lánskjör segja til um. Næsta árs afborganir langtímaskulda eru færðar meðal skammtímaskulda.

p. Ábyrgðir og aðrar skuldbindingar utan efnahagsreiknings

Skrá um ábyrgðir og aðrar skuldbindingar sveitarfélagsins utan efnahagsreiknings er birt í skýringu 22.

q. Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2009 er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi og sjóðstreymisýfirlit.

5. Rekstrartekjur

Rekstrartekjur greinast þannig:

	A hluti		A og B hluti	
	Ársreikningur 2009	Áætlun 2009	Ársreikningur 2009	Áætlun 2009
Skatttekjur:				
Útsvar.....	1.221.719.441	1.150.000.000	1.221.719.441	1.150.000.000
Fasteignaskattar.....	215.066.391	223.549.000	204.374.640	219.032.000
Lóðaleiga.....	47.889.953	48.170.000	47.879.885	47.713.000
	<u>1.484.675.785</u>	<u>1.421.719.000</u>	<u>1.473.973.966</u>	<u>1.416.745.000</u>
Jöfnunarsjóður:				
Tekjujöfnunarframlag.....	34.591.126	42.200.000	34.591.126	42.200.000
Framlag vegna fasteignaskatts.....	92.316.140	95.500.000	92.316.140	95.500.000
Útgjaldajöfnunarframlag.....	209.370.846	225.000.000	209.370.846	225.000.000
Framlög vegna grunnskóla.....	151.417.168	140.000.000	151.417.168	140.000.000
Framlag vegna sérkennslu.....	12.780.000	10.000.000	12.780.000	10.000.000
Önnur framlög.....	72.019.325	62.300.000	72.019.325	62.300.000
	<u>572.494.605</u>	<u>575.000.000</u>	<u>572.494.605</u>	<u>575.000.000</u>
Skatttekjur og Jöfnunarsjóður samtals.....	<u>2.057.170.390</u>	<u>1.996.719.000</u>	<u>2.046.468.571</u>	<u>1.991.745.000</u>
Aðrar tekjur:				
Þjónustutekjur.....	223.221.668	203.643.000	515.947.982	463.287.800
Eignatekjur.....	45.863.531	37.477.000	84.181.530	71.032.000
Endurgreiðslur.....	302.185.968	253.988.000	313.664.599	282.065.000
Aðrar tekjur.....	60.955.967	72.662.000	126.313.613	135.333.000
	<u>632.227.134</u>	<u>567.770.000</u>	<u>1.040.107.724</u>	<u>951.717.800</u>
Rekstrartekjur samtals.....	<u>2.689.397.524</u>	<u>2.564.489.000</u>	<u>3.086.576.295</u>	<u>2.943.462.800</u>

Skýringar, frh.:

6. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	A hluti		A og B hluti	
	Ársreikningur 2009	Áætlun 2009	Ársreikningur 2009	Áætlun 2009
Laun.....	1.333.420.684	1.261.704.000	1.404.415.175	1.323.680.000
Launatengd gjöld.....	317.354.179	297.497.000	334.034.030	313.098.000
Laun og launatengd gjöld samtals.....	<u>1.650.774.863</u>	<u>1.559.201.000</u>	<u>1.738.449.205</u>	<u>1.636.778.000</u>
Stöðugildi að meðaltali.....	322	322	335	335

Laun sveitarstjórnar og sveitarstjóra námu 26,5 millj. kr. á árinu 2009.

7. Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður greinist þannig:

Vöru- og þjónustukaup.....	765.419.729	715.950.000	855.522.296	782.632.800
Skattar og önnur opinber gjöld.....	1.177.320	1.492.000	1.973.535	1.972.000
Styrkir, framlög og annar kostnaður...	159.275.354	153.320.000	159.606.174	153.620.000
	<u>925.872.403</u>	<u>870.762.000</u>	<u>1.017.102.005</u>	<u>938.224.800</u>

8. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

Vaxtatekjur og verðbætur.....	30.999.728	43.570.000	35.062.922	44.420.000
Vaxtagjöld og verðbætur.....	(174.895.022)	(191.966.000)	(355.411.841)	(353.736.000)
Vextir af eigin fyrirtækjum.....	765.895	833.000	0	0
Fjármunatekjur og (fjármagns- gjöld) samtals	<u>(143.129.399)</u>	<u>(147.563.000)</u>	<u>(320.348.919)</u>	<u>(309.316.000)</u>

9. Heildaryfirlit um rekstur

Rekstur málaflokka, stofnana og fyrirtækja sveitarfélagsins greinist þannig:

	Ársreikningur 2009		Áætlun 2009	
	Gjöld	Tekjur	Mismunur	Nettó
Aðalsjóður:				
Skatttekjur		2.096.957.030	2.096.957.030	2.029.200.000
Félagsþjónusta	320.573.562	219.467.436	(101.106.126)	(109.962.000)
Heilbrigðismál	12.598.415	0	(12.598.415)	(12.276.000)
Fræðslumál.....	1.410.928.864	165.009.140	(1.245.919.724)	(1.171.002.000)
Menningarmál.....	186.476.013	71.348.796	(115.127.217)	(105.577.000)
Æskulýðs og íþróttamál.....	330.056.047	75.633.773	(254.422.274)	(254.979.000)
Brunamál og almannavarnir.....	65.611.470	21.490.058	(44.121.412)	(50.151.000)
Hreinlætismál.....	83.991.656	49.949.852	(34.041.804)	(23.804.000)
Skipulags- og byggingarmál.....	61.739.493	16.812.668	(44.926.825)	(46.472.000)
Samgöngumál.....	62.264.887	2.704.620	(59.560.267)	(60.407.000)
Umhverfismál.....	53.860.759	3.123.829	(50.736.930)	(59.781.000)
Atvinnumál.....	43.830.983	2.724.882	(41.106.101)	(44.820.000)
Sameiginlegur kostnaður.....	195.844.381	18.462.252	(177.382.129)	(152.275.000)

Skýringar, frh.:

9. Heildaryfirlit um rekstur, frh.:

	Ársreikningur 2009			Áætlun 2009
	Gjöld	Tekjur	Mismunur	Nettó
Aðalsjóður:				
Lífeyrisskuldbinding, breyting.....	29.539.382		(29.539.382)	(50.000.000)
Fjármagnsliðir.....	124.101.548	219.893.914	95.792.366	113.113.000
Aðalsjóður samtals.....	2.981.419.469	2.963.578.250	(17.839.210)	809.009
A-hluta stofnanir:				
Eignasjóður.....	506.689.651	385.489.784	(121.199.867)	(116.398.000)
Þjónustustöð.....	66.610.276	39.324.406	(27.285.870)	(35.153.000)
Innri færslur A hluta.....	(667.126.148)	(667.126.148)	0	0
A-hluti samtals	2.887.593.248	2.721.266.292	(166.324.947)	(150.741.991)
B-hluta fyrirtæki:				
Hafnarsjóður.....	65.242.410	70.687.536	5.445.126	3.284.000
Skagafjarðarveitur ehf.....	300.570.795	257.971.636	(42.599.159)	20.595.000
Fráveita.....	34.140.626	68.988.625	34.847.999	33.650.000
